

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hjálmars Stefáns-sonar frá Vagnbrekku við Mývatn“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóm- 103  
málaráðherra 4. júní 1945. 4. júní

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hjálmars Stefánssonar frá Vagnbrekku við Mývatn.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hjálmars Stefánssonar.

Við undirritaðir tónlistarmenn, Björn Ólafsson og Árni Kristjánsson, höfum stofnað þennan sjóð og þegar lagt í Söfnunarsjóð Íslands kr. 857.00. Stóð upphæð þessi í Söfnunarsjóði á s. l. áramótum og skal standa þar um aldur og ævi.

Þykir okkur vel fara á því, að sjóðurinn aukist af gjöfum, ágóða af söng- og öðrum skemmtisamkomum, eða hvers konar öðrum gjöfum, sem unnendur tónlistar vilja láta til sjóðsins falla. Auk slíkra gjafa skulu ársvextir sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, þar til hann hefur náð 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónum að upphæð. En þegar sjóðurinn hefur náð þeim vexti, skulu  $\frac{1}{2}$  hlutar ársvaxta greiddast stjórn sjóðsins til ráðstöfunar samkvæmt því, er síðar segir.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Þrír þeirra skulu heima eiga í Suður-Þingeyjarsýslu, en tveir í Norður-Þingeyjarsýslu. Til næstu fimm ára skal stjórnin skipuð söngstjórum söngkóranna í Mývatnssveit, Reykjadal og í Húsavík, en þeir kjósi tvo menn úr Norður-Þingeyjarsýslu til samstarfs í stjórn sjóðsins. Þegar fimm ár eru liðin, skulu söngstjórar kóra, sem starfandi eru í Þingeyjarsýslum, ásamt kirkjuorganleikurum þar og söngkennaranum við Laugaskóla, kjósa mann eða menn úr sínum hópi í sjóðsstjórnina, þegar skipa þarf í sæti.

### 3. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, sem tilskilið er í 1. gr. skal skila  $\frac{1}{2}$  hlutum ársvaxta sjóðsins í hendur sjóðsstjórnarinnar og verji hún því fé til styrktar efnilegum nemanda úr Þingeyjarsýslum til tónlistarnáms. Einn fimmti hluti vaxtanna skal jafnan leggjast við höfuðstól. Þegar úthlutun til styrktar hefst úr sjóðnum og séu þá báðir eða annar stofnandi sjóðsins á lífi, skal leita atkvæðis þeirra, eða þess sem á lífi er og samþykkis, til styrkveitingar. Séu stofnendur báðir látnir, skal stjórn sjóðsins veita styrk úr sjóðnum í samráði við skólastjóra tónlistarskólans í Reykjavík, eða forstjóra þeirrar stofnunar, sem þá hefur með höndum starf þessa skóla.

Rétt telja stofnendur, að sami nemandi njóti styrks fleiri ár, ef ástæður mæla með. Ef um engan efnilegan nemanda tónlistar er að ræða, skulu ársvextir leggjast við höfuðstólinn.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins semur árlega reikning hans og fær hann birtan í Lögbirtinga- blaðinu.

Staðfestingar skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum þeim, er síðar kunna á henni að verða.

Reykjavík, í janúarmánuði 1945.

Árni Kristjánsson. Björn Ólafsson.